

## Hvernig hugsa sagnfræðingar?

Breytingar á grunnnámskeiðum í námsbraut í sagnfræði og ábyrgð Háskóla Íslands

Sigurður Gylfi Magnússon  
Prófessor í menningarsögu við  
Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafraði

**Lykilorð** — sagnfræði 1, grunnnámskeið 2, vendikennsla 3,  
4 ábyrgð háskóla

### I. INNGANGUR

Inngangur lýsir vandamáli eða áskorun sem höfundur/ar stóðu frammi fyrir í kennslu og markmiði verkefnisins.

Kennsluakademían leggur áherslu á að styðja bæði rannsóknarverkefni og kennsluþróunarverkefni/umbætur á kennslu sem miða að því að efla gæði náms og kennslu. Akademían samþykkir útdrætti sem byggir á rannsóknum tengdum háskólum, rannsóknarverkefnum á eigin kennslu (SoTL), sem og útdrætti sem lýsa umbótum á kennsluaðferðum og kennsluþróun sem miða að því að innleiða nýjar aðferðir, verkfæri eða stefnu til að bæta námsupplifun nemenda og kennslugæði.

Með þessu vill Kennsluakademían skapa vettvang þar sem fram fer umræða um hvoru tveggja fræðilegar rannsóknir á kennslu og hagnýtar kennsluumbætur.

Höfundar hvattir til að setja verkefni í fræðilegt samhengi, með því að vísa í rannsóknir á tengdum sambærilegum verkefnum.

### II. AÐFERÐ

Aðferð lýsir framkvæmd verkefnisins, þeirri aðferð eða inngripi sem var notuð til að leysa vandamálið og hvaða gögnum var safnað til að meta árangur verkefnisins.

### III. NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður lýsa árangri af verkefninu, t.d. hvaða áhrif hafði verkefnið á náms árangur nemenda og upplifun af náminu.

### IV. UMRÆÐUR

Í umræðum eru niðurstöður ræddar svo sem hvað hefði mátt betur fara og hvað mögulegu úrbætur væri hægt að gera í framtíðinni. Í umræðum eru niðurstöður jafnfram ræddar út frá rannsóknum annar á viðfangsefninu.

### TILVÍSANIR

Cameron, R. B., & Rideout, C. A. (2022). 'It's been a challenge finding new ways to learn': first-year students' perceptions of adapting to learning in a university environment. *Studies in Higher Education*, 47(3), 668-682.

Felten, P. (2013). Principles of good practice in SoTL. *Teaching and learning inquiry*, 1(1), 121-125.

Felten, P., & Geertsema, J. (2023). Recovering the heart of SoTL: Inquiring into teaching and learning 'as if the world mattered'. *Innovative Higher Education*, 48(6), 1095-1112.

Manarin, K., Adams, C., Fendler, R., Marsh, H., Pohl, E., Porath, S., & Thomas, A. (2021). Examining the focus of SoTL literature—teaching and learning?. *Teaching and Learning Inquiry*, 9(1), 349-364.

## Inngangur

Á undanförunum áratugum byggðist námsbraut í sagnfræði upp á stórum og yfirgripsmiklum yfirlitsnámskeiðum sem nemendur tóku í kjarna. Um var að ræða breytilegan fjölda 10e námskeiða sem hafa fyllt upp allt að 70e í skyldu í sagnfræði á liðnum áratugum. Grunnhugmynd þessara námskeiða sem tengdust bæði Íslands- og Norðurlandasögu sem og Heimssögu (áður Mannkynssögu) var sú að nemendur þyrftu á góðu yfirliti að halda til þess að geta sökkt sér í frekari rannóknir á einstökum þáttum sögunnar. Með nokkru sanni má segja að þessi skipan hafi verið við líði allt frá síðari hluta áttunda áratugar 20. aldar og fram til haustsins 2020 – í rúm 40 ár – þó að fyrirkomulagði hafi tekið einhverjum breytingum frá einum tíma til annars. Þær helstu voru að námskeiðunum fækkað árið 2006 úr tíu í sjö og tímasteiði hvers námskeiðs breytt. Í grundvallaratriðum hafði þó þessi sama skipan haldið sér í fjóra áratugi eins og ég fjalla um í greininni „Íslensk sagnfræði 1980–2005: Yfirlit“ sem birtist í bókinni *Frá endurskoðun til upplausnar* (2006).

Á tínuda áratug 20. aldar áttu sér talsverðar breytingar í heim hugvísinda og þar á meðal innan sagnfræðinnar þar sem vísindamenn tóku að efast um að yfirlitið væri heppilegur vettvangur til að fjalla um fortíðina. Fræðimenn fóru að gangast við þeirri staðreynd að við gætum í raun bara unnið með brotabrot af fortíðinni; þau ein væru líkleg til

að draga fram sannverðuga mynd af því liðna. Það skal tekið skýrt fram að um þessar hugmyndir var ágreiningu en það er þó óhætt að fullyrða að þær höfðu smátt og smátt þau áhrif að fræðigreinin breyttist. Það var því meðal annars í ljósi þessara umskipta sem námsbraut í sagnfræði réðist í þær breytingar að skipta út að mestu stóru yfirlitsnámskeiðum fyrir önnur minni og hnitmiðaðri. Það sem þó hafði úrslitaáhrif, að mínu viti, var sú staðreynd að nýir nemendur sem sóttu nám í námsbrautinn voru árinu yngri en þau höfðu verið áður. Í raun má segja að við stóðum frammi fyrir allt öðrum nemendahópi en áður og ég taldi í það minnsta að við þyrftum að bregðast við þeirri staðreynd með talsvert róttækum hætti.

## Aðferðir

Í hinni nýju námsskipan sem var unnin af Má Jónssyni, Ragnheiði Kristjánsdóttur og mér var lögð áhersla á lítil og afmörkuð 5e námskeið í kjarna (skylda) sem hægt væri að gera bæði spennandi og skemmtileg. Meginhugmyndin var að losa kjarnanámskeiðin úr viðjum stóra yfirlitsins þar sem löng tímabil og umfangsmikil saga hafa ráðið ríkjum. Hin nýja tilhögun byggist á að brjóta tímabilin niður í smærri einingar þar sem hægt væri að kafa dýpra í hvert efni og námsbrautin fengi fyrir bragðið snarpara yfirbragð. Fjölbreytni í námsvali yrði meiri og hraðari taktur kæmi fram í náminu sjálfu. Aðalatriðið er að hver kennari bjóði upp á viðfangsefni sem séu nokkuð sérhæfð og tengist

meira þeirra áhugasviði og þekkingu. Þá er hugmyndin sú að það sé tryggt að þeir gefi í leiðinni ákveðið yfirlit yfir það efni sem tekið er fyrir og tengi vel við tímabilið sem um ræðir. Með þessu móti væri ekki verið að gefa yfirlitið alveg upp á bátinn heldur að aðlaga það að tilteknum sérhæfðum viðfangsefnum.

Mikil áhersla var lögð á að kennarar námsbrautarinnar kæmi sér saman um ákveðið vinnulag við þessi námskeið, að þyngd þeirra væri svipað frá einu námskeiði til annars og vinnuálag á nemendum áþekkt. Það má ekki þjappa sex vikna námskeiði saman eins og um væri að ræða 13 vikna kennslu. Til dæmis var hugmyndin sú að unnin yrðu verkefni í hverju námskeiði sem mætti tengja við atriði sem lögð er áhersla á í aðferðakennslu; rannsóknarspurningar, kenningar, efnistöð, tilvitanir, heimildaskrár og svo framvegis. Námskeiðin eru þannig bæði hugsuð sem tækifæri fyrir nemendur til að fá tilfinningu fyrir umfangi fræðigreinarinnar og heildarsvip hennar.

*Hvernig hugsa sagnfræðingar?* Þessari spurningu var ætlað að vera eitt meginstef þessarar námskeiða. Tilfellið er að nemendur fá aldrei fullkomna yfirsýn eða yfirlit í námi sínu, og það hafa kennararnir ekki einu sinni; með nýju námsskipaninni fá þau þess í stað tækifæri til að hugsa um fræðigreininna á frjóan og spennandi hátt. Í svona námskeiðum er líka hægt að ræða betur aðferðafræðileg atriði og heimildir. Við töldum flest að allt svipmót námsins yrði muni frískara og

drægi nemendur frekar að námsbrautinni. Slíkt er nokkuð sem mun verða ofarlega á okkar dagskrá næstu árin. Hugmyndin var að hvert þessara námskeiða væru kennd í sex vikur og að því loknu yrðu þreytt lokapróf og ritgerðum skilað í verkefnaviku Hugvísindasviðs. Eftir það tekur nýtt námskeið við og þannig koll af kolli. Nemendur fengju þannig starx eftir sex vikur 15e í sarpinn sem myndi hjálpa þeim að halda sig við efnið í heilt misseri. Staðreyndin var sú að brottfall var talsvert eftir mitt misserið en þessari hugmynd var ætlað að koma í veg fyrir það.

### Niðurstöður

Í mínum huga var þetta fyrirkomulag í námsbraut í sagnfræði fyrst og fremst viðbragð við stöðunni eftir að hinum þriggja ára framhaldsskóla var komið á fót. Það á þó alveg eftir að meta hvort að þessi breyting hafi verið til góðs en mér finnst mikilvægt að ræða opinskátt hvað Háskóli Íslands hefur gert til að nálgast yngri nemendur en áður á nýjan hátt. Ég hef það á tilfinningunni að það hafi verið takmarkað en þess í stað höfum við beint spjótum okkar að bæði stjórnámálönnum sem tóku þessa ákvörðun og framhaldskólayfirvöldum sem þurftu að aðlaga sína námskrá að hinu þriggja ára fyrirkomulagi. Mér finnst vera kominn tími til að við horfum í eigin barm og gerum tilraun til að stokka upp spilinn og koma til móts við nýja kynslóð háskólanema. Af þeim ástæðum hef ég áhuga á að taka þátt í þessari ráðstefnu.

